

Alþingi
Erindi nr. P 127/1485
komudagur 25.3.2002

Akraneskaupstaður

JPP/rp
Skj. 000.2/AK9394



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 21. mars 2002, var m.a. tekið fyrir bréf landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 18.3.2002, þar sem send eru til umsagnar tillaga til þingsályktunar og frumvörp: 555. mál, landgræðsluáætlun 2003-2014, 584. mál, landgræðsla (heildarlög), 593. mál, afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við ályktunina og frumvörpin.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 21. mars 2002.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1659
komudagur 5.4.2002



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Alþingi
Einar Farestveit
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 4. apríl 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál

Bæjarráð hefur á fundi sínum í dag gert eftirfarandi bókun:

Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál

"2002030132 / 13-211

Erindi dags. 18. mars 2002 frá Landbúnaðarnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna."

Þetta tilkynnist hér með.

f. h. bæjarstjóra,

Sólveig Gunnarsdóttir
Sólveig Gunnarsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 127/1621
komudagur 4.4.2002

354+4643209 P.1

BÚNADARSAMBAND
SUDUR-ÞINGEYINGA



Auðnum, Laxárdal 3/4 2002.

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
v. útsendra þingmála nr. 555, 584 og 593.

Mál nr. 555. Landgræðsluáætlun. Aðalfundur BSSP. hinn 27/3 styður
umsögn stjórnar BSSP frá 14/7 2001 og telur hana eiga við þessa áætlun
jafnt og þá áætlun, sem þá lá fyrir.

Mál nr. 584. Frumvarp til laga um landgræðslu. Aðalfundur styður
ályktun Búnaðarþings um frumvarpið og vísar til hennar.

Mál nr. 593. Breyting á lögum nr. 6/1986.


Samkvæmt 1. málslíð 16. gr er mat á þörf til aðgerða einungis á hendi
Landgræðstunnar. Slíkt fyrirkomulag má telja vafasamt.

Skilgreina þarf betur en gert er í 17. gr. hver teljist bóndi. Landnýting án
ábúðar fer vaxandi, t.d. með einhverskonar leigu eða notkun af hálfu
fjarstaddra eigenda. Ekki komu fram athugasemdir við brottfellingu
ákvæða um ítölu.

Með kveðju.

Jón Benediktsson.

BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS



Alþingi
Erindi nr. P 127/1744
komudagur 94. 2002

Selfossi, hinn 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Málefni: Umsögn um mál nr. 555, tillaga til þingsályktunar um ladgræðsluáætlun 2003-2014.

Í lið B. Kostnaðaráætlun 2003 – 2006, efri taflan á bls. 2, er samtalan röng. Hún á að vera 1.930 í stað 2.930.


Undirritaður vildi gjarnan sjá meiri fjármuni í fyrirhleðslur, því það er ekki síður þar sem jarðvegur og land er að tapast, en með uppblæstri. Næstu árin og áratugina þurfa þessir tveir þættir að hafa algeran forgang með fjármuni, þ.e. landbrot af völdum vatns og almenn jarðvegseyðing. Á meðan við stöðvum ekki tilflutning á jarðvegi, þá má nánast engin króna fara í annað á meðan. Sjálfsagt er hægt að færa eitthvað af fjármuninum á milli liða samkvæmt framansögðu. Við að fara ofaní það, væri best að vinna það með þeim aðilum sem best þekkja til.

Undirritaður hefur verið í nefndinni um varnir gegn landbroti f.h. Búnaðarsambands Suðurlands og með Steingrími Ingvarssyni frá Vegagerð ríkisins á Suðurlandi. Saman höfum við tekið og listað upp þá staði sem landbrot hafa herjað á í Árnæssýslu, en aðrir með honum í Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslum. Síðustu árin hefur lítið verið gert, því aura hefur vantað til fyrirhleðslna. Að minnsta kosti er samantekt á landbrotum á Suðurlandi til þess að gera einföld og fjótunnin, þó svo allir garðar verði mældir og metnir og raðað í forgangsröð, ásamt þeim svæðum þar sem ekki hefur verið hægt að hefja fyrirhleðslur á. Það er t.d. spurning um það, hvort hægt væri að lækka þær fjárhæðir sem eiga að fara í heildarúttektirnar á landbrotum árin 2003 og 2004, t.d. úr 6 millj. kr. í 4 millj kr., svo eitthvað sé nefnt. Það munar um allt sem hægt er að setja í fyrirhleðslur, en t.d. aðeins lítilsháttar vörn getur gert ótrúlegustu kraftaverk í fyrirhleðslum og vörnum á landbrotum. Þetta höfum við upplifað.

Neðarlega á bls. 5 eru taldar upp nokkrar ár undir kaflanum um heftingu landbrots. Þarna er að sjá, að rétt væri að bæta þarna við ánum Hvítá, Þjórsá og Litlu- og Stóru-Laxá, allar á Suðurlandi. Þessum nöfnum þarf einnig að bæta við undir 5. lið, þ.e. fyrirhleðslur á bls 15. Öll í 1. mgr. og tvær síðustu undir kaflanum um Suðurland.

Undirritaður sér ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frumvarp, en undirstrikar þá miklu þörf á að hefta hverskonar jarðvegseyðingu og væri mikil þörf á frekari fjármunum til starfsins, ekki síst allra næstu ára, með von um mikinn og góðan árangur.

Með vinsemd og virðingu


Kristján Bj. Jónsson
héraðsráðunautur



Bygðastofnun
Prúnarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 127/1694
komudagur 8.4.2002

Sauðárkrókur 02.04.2002


Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 555, tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.


Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur mikilvægt að auknu fjármagni skuli vera varið til landgræðslumálefna sem mun veita atvinnu og bæta landkosti víða um land, en árangur landgræðslustarfsins byggist á samstarfi aðila ekki síst við íbúa viðkomandi svæða. Því er mikilvægt að héraðssetur Landgræðslunnar verði eflað sem mest til að tryggja aðkomu heimaaðila að landgræðsluverkefnum. Í eðli sínu er öll landgræðsla langtíma verkefni og því mikilvægt að um hana sé gerð langtímaáætlun með sem skýrust markmið og leiðir eins og hér er gert.

Virðingarfyllst



Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Prúnarsviðs



Þórarinn Sólmundarson
ráðgjafi



Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1737
komudagur 9.4.2002

Landbúnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. apríl 2002
SP/hó

Efni: Landgræðsluáætlun (555. mál), frumvarp til laga um landgræðslu (584. mál) og afréttarmálefni, fjallskil o.fl. (593. mál)
Tilv:02030023


Vísað er í bréf landbúnaðarnefndar dags. 18. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreind þrjú þingmál.

Hvað fyrsta málið varðar, barst Bændasamtökum Íslands bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 29. maí 2001, þar sem leitað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2002-2013, og var því erindi svarað með bréfi dags. 25. júní. Áætlunin sem nú liggur fyrir, 2003-2014, er efnislega óbreytt, og fylgir því umsögnin frá í fyrra hér með.

Frumvarp til laga um landgræðslu var lagt fyrir búnaðarþing að tilhlutan landbúnaðarráðherra. Þingnefnd skilaði ályktun, sem vísað var til stjórnar Bændasamtaka Íslands, en stjórnin samþykkti síðan að senda sem umsögn um frumvarpið, og fylgir hún hér með. Auk þess hefur Már Pétursson hrl. yfirfarið frumvarpið fyrir hönd samtakanna og fylgir álitserð hans hér með.

Frumvarpið til breytinga á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. (593. mál) felur fyrst og fremst í sér, að niður verði felld öll ákvæði er varða ítölugerð, jafnt í heimalönd sem afrétti. Bændasamtökin lýsa sterkum efasemdum við þessa breytingu, þar eð ekki verður séð, að landgræðslu frumvarpið bjóði upp á úrræði, sem ætíð geti komið í staðinn. Það þarf "breiðari" umfjöllun um málið, áður en lögformleg leið til að takmarka beitarrétt einstakra bænda/bújarða er numin úr gildi.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/1536
komudagur 26.3.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 26. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá landbúnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003 - 2014, 555. mál; frumvarp til laga um landgræðslu (heildarlög), 584. mál; frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 593. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi bókun um þingmálin:

Þar sem þessi þingmál voru send öllum sveitarstjórnnum til umsagnar telur stjórn Eyþings ekki þörf á að taka þau einnig til umsagnar.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1620
komudagur 4.4.2002

Viðivöllum fremri 04.04 2002

Nefndasvið Alþingis
b.t. landbúnaðarnefndar/
Einar Farestveit nefndarritari

Fljótsdalshreppi 7505 var með bréfi frá landbúnaðarnefnd Alþingis dags. 18.mars gefinn kostur á að senda nefndinni umsögn vegna tillögu og frumvarpa um eftirfarandi mál. 555.mál, landgræðsluáætlun, 584.mál landgræðsla, 593.mál afréttarmálefni, fjallskil o.fl..
Fljótsdalshreppur óskar eftir að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

Vakin er athygli landbúnaðarnefndar á að gert er ráð fyrir stóru auknu hlutverki sveitarfélaga við eftirlit, gerð áætlana og úrbætur án þess að þeim sé í frumvarpinu ætlaður tekjustofn til að standa undir nýju hlutverki.

Eðlilegt hlytur að teljast að málum verði ekki þannig fyrir komið við endanlega afgreiðslu, heldur verði fyrir því séð að sveitarfélögin geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað að takast á við.

Ef ekki komi til auknir fjármunir í því skyni, verði hluta af því fé í fjárlögum sem ætlað er að verja til málaflokksins skilgreindir til að standa undir kostnaði sem kann að falla á sveitarfélögin.

Ekki er sýnt að þau örfáu dæmi um að ekki takist eðlilegt samstarf umráðamanna lands og Landgræðslunnar um samvinnu við viðhald og bætingu gróðurlendis kalli á eignarnámsheimildir henni til handa, hvað þá þær lögregluáðgerðir og þungar dagsektir sem boðaðar eru í frumvarpinu.

Farsælli leið til árangurs er að áfram verði unnið í góðri samvinnu við hlutaðeigandi aðila, enda sýnir reynsla undanfarinna ára svo ekki er um villst að besti árangur næst þar sem menn taka höndum saman.

Þá lýsir sveitarstjórn þeirri skoðun sinn að ekki sé tekið með nægjanlegum þunga á landsþjöllum vegna landbrots við ár sem árlega eyða vel grónu landi í miklum mæli.
Ekki væri óeðlilegt að slíkt væri eitt af forgangsverkefnum Landgræðslunnar.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir ánægju sinni með að fyrirhugað er að koma á fót héraðssetri Landgræðslunnar á Austurlandi og væntir að sú fyrirætlun verði að veruleika sem fyrst.
Sveitarstjórn vill í því sambandi benda á að hjá Búnaðarsambandi Austurlands, Héraðsskógum og Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum er samankomin þekking sem telja má víst að nýttist útibúi Landgræðslunnar vel og því er hér lagt til að héraðssetrið verði staðsett á Egilsstöðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Fljótsdalshrepps


Gunnþórunn Inghólfssdóttir oddviti

ODDVITI
Fljótsdalshrepps



Alþingi
Erindi nr. P 127/2018
komudagur 19.4.2002

ÍSAFJARÐARBÆR

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Ísafirði, 18. apríl 2002
Tilvísun: 2002030082 / 0104
HH/ÞP--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014. Frumvarp til laga um landgræðslu.

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 15. apríl s.l., var til umræðu tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál, þingskjal 873 og frumvarp til laga um landgræðslu, 584. mál, þingskjal 913. Samkvæmt bréfi landbúnaðarnefndar Alþingis dagsettu 18. mars s.l., er óskað umsagnar sveitarfélagsins um tillöguna og frumvarpið.

Á fundinum voru lagðar fram umsagnir Skjólskóga á Vestfjörðum um ofangreinda tillögu til þingsályktunar og frumvarp til laga. Bæjarráð samþykkti að gera umsagnir Skjólskóga á Vestfjörðum að sínum og tilkynnist það yður hér með. Afrit umsagnanna fylgja hér með.

Virðingarfyllst

Halldór Halldórsson

- bæjarstjóri -

Skjólaskógar á Vestfjörðum

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis [landbunadarnefnd@althingi.is] og nefndasviði Alþingis [nefndasviid@althingi.is] þ. 8/4 2002.
b.t. nefndarritara, Einars Farestveit (ainarfar@althingi.is).

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014 (Þskj. 873 – 555. mál).

Frá: Skjólaskógum á Vestfjörðum

Það er skoðun stjórnar Skjólaskóga á Vestfjörðum, að stjórnun landgræðsluframkvæmda á einkajörðum eigi best heima í héruðum, og þá þannig að hún sé stjórnunarlega aðskilin frá eftirlits-, stjórnsýslu- og rannsóknahlutverki ríkisins. „Landgræðsla“, í merkingunni uppgræðsla ógróins eða vangróins lands, tímabundin friðun fyrir búfjárbætur og styrking gróðurlendis með áburðargjöf, getur auðveldlega átt samleið með skógrækt alls staðar á láglendi Íslands. Þegar eru fyrir hendi landshlutabundin skógræktarverkefni sem ná til allra landshluta og starfa samkvæmt lögum nr. 56/1999.

Hlutverki landshlutaverkefna í skógrækt má auðveldlega breyta með lögum þannig að það nái einnig til annarra landbótaáðgerða en aðeins þeirra sem felast í ræktun skóga, svo sem þeirra áðgerða sem lýst er í landgræðsluáætlun 2002-2013. Verkefni gætu þannig annast um þær framkvæmdir sem nú eru unnar á vegum Landgræðslu ríkisins eða í samvinnu Landgræðslu ríkisins við bændur (t.d. verkefnið „Bændur græða landið“).

Stjórn Skjólaskóga á Vestfjörðum vill benda á það sem við teljum vera meginágalla þingsályktunartillögunnar eins og hún liggur nú fyrir. Hann er sá að hvergi er leitast við að samræma skógræktar- og landgræðslustarf við gerð landgræðsluáætlunar. Við teljum að beita megi skógrækt sem landgræðsluáðgerð í stóruáætlun mæli og í mun ríkari mæli en gert er ráð fyrir í tillögu að landgræðsluáætlun. Reynsla skógræktarfólks um allt land af „landgræðsluskógrækt“ sýnir svo ekki verður um villst að hægt er að koma upp sjálfbærum og þróttmiklum skógum þar sem áður voru sandar, melar og aðrar auðnir. Því teljum við að hugtakið „Landgræðsla“ eigi auðveldlega að geta rúmað skógrækt, en ekki aðeins nýtingu og uppgræðslu lands til úthagabeitar.

Í landgræðsluáætlun 2002-2013 er vart vikið einu orði að skógi eða markmiðum um að rækta skóg á landgræðslusvæðum, þótt allir hljóti að vera sammála um að „land vaxið skógi eyðist ekki“. Að okkar mati ber að móta þá stefnu í lögum um landgræðslu, að landgræðslustarfi hafi, að öðru jöfnu, ekki verið lokið fyrr en upp er vaxinn skógur á fyrrum landgræðslusvæði.

f.h. stjórnar Skjólaskóga á Vestfjörðum,

Sæmundur Þorvaldsson,
framkvæmdastjóri

Skjólaskógar á Vestfjörðum

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis [landbunadarnefnd@althingi.is] og nefndasviði Alþingis [nefndasvid@althingi.is] þ. 8/4 2002.
b.t. nefndarritara, Einars Farestveit (einarfar@althingi.is).

Umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu (Þskj. 913 – 584. mál)

Frá: Skjólaskógum á Vestfjörðum

Í 1. og 2. kafla lagafrumvarpsins („Tilgangur, skilgreiningar og yfirstjórn landgræðslumála“ og „Landgræðsluverkefni“) eru allmörg atriði sem, að mati stjórnar Skjólaskóga á Vestfjörðum, orka tvímælis, þarfnast nánari skýringa og (eða) kalla á verulega endurskoðun áður en hægt er að taka málefnalega afstöðu til síðari kafla í lagafrumvarpinu. Því einskorðast þessi umsögn að mestu við fyrstu tvo kafla frumvarpsins (gr. 1-15. gr.).

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um tilgang laganna („að vernda, endurheimta og auka þær auðlindir sem fylgnar eru í gróðri og jarðvegi landsins og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra.“). Í athugasemdum (skýringum) við 1. gr. er síðan getið um fjórþættan tilgang laganna:

Fyrsti tilgangurinn er „að vernda gróður og jarðveg. Þetta vísar til þess gróðurs og jarðvegs sem er til staðar hverju sinni.“ Skógrækt snýst ekki, fremur en önnur ræktun, um það eitt að „vernda“ allan þann gróður sem fyrir var þegar ræktun hófst á skóglausu landi, heldur að breyta aðstæðum og jafnvel tegundasamsetningu þannig að úr verði með tímanum annað gróðurlendi en í upphafi, með öðrum orðum **skógur**. Í því samhengi teljum við óheppilegt að skýra tilgang laganna þannig að vernda eigi allan gróður sem er til staðar hverju sinni. Þetta má skilja á þann veg að gróðurlendi sé verndað með lögum gagnvart skógrækt eða annarri ræktun.

Annar tilgangur er „að endurheimta gróður og jarðveg. Átt er við að endurheimta skuli eftir fongum þann gróður og jarðveg sem eyðst hefur“. Hugtakið „vistheimt“ (vistfræðileg endurheimt; e. ecological restoration) kemur fyrir nokkrum sinnum í texta frumvarps („Endurmyndun horfinna náttúrulegra vistkerfa“, skv. orðskýringum í 2. gr.) og er talið upp meðal meginverkefna Landgræðslu ríkisins. Hugtakið er notað sem viðmið fyrir hið æskilegasta ástand; það sem ætla má að hafi verið til staðar á Íslandi fyrir landnám manna. Benda verður á að fyrir því geta verið rík efnahagsleg, félagleg og umhverfisleg rök að færa ástand lands til annars ástands en þess sem hér ríkti fyrir landnám og ekki er sjálfgefið að rök „draumlyndrar íhaldsemi“ í umhverfisverndarmálum eigi að vera leiðarljós landnýtingar. Skógrækt getur verið líffræðilega, félagslega, efnahagslega og umhverfislega sjálfbær þótt hún miðist ekki við markmiðið að endurskapa sömu plöntusamfélög og vistkerfi og hér klæddu land fyrir landnám.

Þriðji tilgangur laganna er „auka gróður og jarðveg. Það gerist t.d. með uppgæðslu vangróinna svæða.“ (engar athugasemdir)

Skjólaskógar á Vestfjörðum

Fjórði tilgangur laganna er „að stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Sjálfbær landnýting er ávallt lykilatriði til að vernda og auka gróður og jarðveg.“ Hugtakið „sjálfbær landnýting“ kemur fjórum sinnum fyrir í megintexta frumvarpsins og fjórtán sinnum í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins. Í orðskýringu í 2. gr. frumvarpsins er það skilgreint með eftirfarandi hætti: „Nýting á gróðri eða jarðvegi sem hvorki gengur á höfuðstól náttúrunnar né hamlar eðlilegri gróðurframvindu til lengri tíma lítið“.

Hugtakið „sjálfbærni“ og „sjálfbær nýting“ hefur verið mjög í tísku í allri umhverfisumræðu frá dögum Brundtland-skýrslunnar 1987 og Ríó-fundarins 1992. Skilningur manna á hugtakinu er hins vegar jafn margvíslegur og mennirnir eru margir. Engin samræmd, sam-mannleg, alþjóðleg skilgreining liggur fyrir um merkingu hugtaksins sjálfbærni þegar hún er rædd í tengslum við áhrif hinna fjölbreyttu nytja manna af náttúrunni og auðlindum hennar. En allir eru sammála að sjálfbærni sé göfugt markmið, líkt og heilbrigði, hamingja, ást og friður. Sama á við um sjálfbæra nýtingu gróðurlenda Íslands. Ljóst er að með skógeyðingu og ofbeit hefur verið gengið mjög á höfuðstól gróðurlendis Íslands frá landnámi til þessa dags. Því er hafið yfir allan vafa að telja áframhaldandi skerðingu á gróðurlendi (með ofbeit) til ósjálfbærrar landnýtingar, ásamt því að með ofbeit sé komið í veg fyrir að land verði á ný viði vaxið milli fjalls og fjöru. Í lagafrumvarpinu er notkun hugtaksins hins vegar afar loðin og víð og því erfitt að koma á hana böndum.

Í þessu sambandi má benda á að mjög getur verið villandi að beita orðaröðinni „eðlileg gróðurframvinda“ innan skilgreiningarinnar á sjálfbærri nýtingu, nema skýrar sé kveðið að orði um hvaða gróðurframvindu höfundar frumvarpsins, hið háa Alþingi Íslendinga eða meirihluti þjóðarinnar á hverjum tíma telji „eðlilega“ (og þá væntanlega æskilega) til frambúðar. Sumir Íslendingar kunna að telja þá gróðurframvindu bæði æskilegasta og eðlilegasta, sem leiða mun til sem minnstra frávika frá því ástandi, þeirri ásýnd landsins eða þeim eðliseiginleikum gróðurlendis sem nú er fyrir hendi. Á sama hátt kunna að vera til þeir Íslendingar sem telja það „eðlilegustu“ gróðurframvindu að gjörbreyta, með ræktun og öðrum mannlegum aðgerðum, gróðurlendi frá núverandi ástandi. Varla telst það á færi starfsmanna ríkisstofnana að skera úr um hvort viðhorfið eða smekkurinn telst réttur eða rangur. Með frumvarpinu er þó greinilega ætlunin að eyða allri óvissu um hvar úrskurðarvald skuli liggja í framtíðinni um hvað telja skuli sjálfbæra landnýtingu. Í greinargerð með frumvarpinu stendur: „Mat á því hvort landnýting telst sjálfbær eða ekki er samkvæmt frumvarpinu í höndum Landgræðslunnar“.

Ef frumvarp þetta nær fram að ganga er Landgræðslunni veitt altækt vald til þess að dæma um og ákvarða hvaða landnýting telst sjálfbær eða ósjálfbær. Hægt er að mála ýmsar sviðsmyndir sem lýsa hugsanlegum afleiðingum þessarar lagasetningar á skógræktarstarf í landinu. Ekki er að sjá þess stað í frumvarpinu, að skógrækt (s.s. „landgræðsluskógrækt“ eða „landbótaskógrækt“) teljist raunhæfur eða áhugaverður valkostur við hinar hefðbundnu aðferðir Landgræðslu ríkisins. Reyndar fer svo lítið fyrir umfjöllun um skógrækt í frumvörpunum að grunsemdir vakna um að skógrækt

Skjólaskógar á Vestfjörðum

flokkist tæpast undir „sjálfbæra landnýtingu“, að mati höfunda frumvarpsins. Hefðu t.d. úrskurðaraðilar Landgræðslunnar í framtíðinni horn í síðu skógræktar, gætu þeir beitt geðþóttakenndri túlkun sinni á sjálfbærni sem rök fyrir því að koma í veg fyrir að ræktaðir verði skógar, og vísað til laga um landgræðslu, þar sem þeim er veitt vald til að ákveða að sú landnýting sé ósjálfbær.

Í annarri 2. gr. („Orðskýringar“) eru skilgreind ýmis mikilvæg hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Af þeim hugtökum sem mest þörf hefði verið á að skilgreina til hlítar og af gegnsæi í frumvarpinu er sjálft hugtakið „landgræðsla“.

Varla hefði verið hægt að komast óskýrar og þokulegar að orði um merkingu hugtaksins „landgræðsla“ en gert hefur verið í orðskýringunni: „Samheiti yfir alla þá starfsemi sem og aðgerðir sem mælt er fyrir um í lögum þessum og samræmist tilgangi laganna“. Lesandi er engu nær um merkingu orðsins „landgræðsla“, eða merkingarmun þess orðs og annarra skyldra hugtaka, s.s. skógræktar, grasræktar, nýtingar beitolanda, viðhalds golfvalla og knattspyrnuvalla, o.s.frv. Lesandi hlýtur að spyrja sig: Getur skógrækt og landgræðsla verið einn og sami hlutur, eða eru þetta merkingarlegar andstæður? Er nýting og uppgræðsla lands til beitar annað heiti (samheiti) yfir landgræðslu? Hér væri heppilegra og meira upplýsandi að beita t.d. þeirri orðskýringu á „landgræðslu“ sem finna má í „Íslenskri orðabók“ (Mál og Menning 1992): „það að græða upp ógróið land, t.d. sandfláka eða uppblásturssvæði; gróðurvernd“, nema að það sé einbeittur vilji löggjafarvaldsins að þenja út merkingu orðsins í íslenskri tungu yfir svo vítt svið að það rúmist ekki í einfaldri orðskýringu.

Í 3. gr. er fjallað um yfirstjórn landgræðslumála.

Í 2. setningu í 3. málsgrein stendur: „Landgræðslustjóri skal hafa háskólamenntun í landgræðslu“. Deila má um hvort bundið skuli í lög að tilteknu starfi stjórnanda megi aðeins gegna einstaklingur með tiltekna fagmenntun, eða hvort fremur skuli litið til hæfni umsækjanda sem stjórnanda. Ef fyrri kostur er valinn, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, verður að skýra betur hvað átt er við með „háskólamenntun í landgræðslu“. „Landgræðsla“ (í þeirri merkingu sem við þekkjum flest í íslensku) er ekki að finna sem sérstakt embættispróf af háskólastigi í nokkru landi, svo okkur sé kunnugt. Núverandi landgræðslustjóri og fagmálastjóri Landgræðslu ríkisins hafa háskólamenntun á sviði „nýtingar úthaga til beitar“ (e. Range management), en innan L.r. starfar fólk með háskólamenntun á ýmsum sviðum náttúruvísinda, s.s. á sviði líffræði, skógfræði, jarðfræði og landafræði. Ef það er vilji hjá hinu háa Alþingi að einkorða stöðuveitingu þessa við þá aðila sem lokið hafa háskólamenntun á sviði beitarnýtingarfræða skal orða það skýrar í lögum þessum svo ekki ríki óvissa við embættisveitingar. Ella skal ákvæði þessu sleppt. Að öðrum kosti skal þetta orðað með öðrum og opnari hætti, t.d. „Landgræðslustjóri skal hafa lokið háskólamenntun“ eða „Landgræðslustjóri skal hafa lokið háskólamenntun á sviði hagnýtra náttúruvísinda“.

Í 4. gr. („Verkefni Landgræðslunnar“) eru talin upp verkefni Landgræðslu ríkisins. Samkvæmt frumvarpinu er Landgræðslu ríkisins falin afar yfirgripsmikil verkefni sem ná skulu til nánast allra þátta sem snerta landgræðslu (hugtak sem, eins og fram hefur komið, er ekki skilgreint með fullnægjandi hætti í frumvarpinu). Landgræðsla ríkisins skal vinna landgræðslustörf, „á eigin vegum eða í samstarfi við aðra“, „veita

Skjólskógar á Vestfjörðum

upplýsingar, fræðslu og ráðgjöf“, „meta ástand lands“, „annast vöktun og eftirlit með ástandi og framvindu gróðurs“, „hafa eftirlit með landnýtingu, staðfesta sjálfbæra landnýtingu og hindra ósjálfbæra landnýtingu“, „gera landgræðsluáætlanir og veita ráðgjöf við gerð héraðsáætlana um landgræðslu“, „taka þátt í og veita umsagnir við skipulagsgerð og veita umsagnir við mat á umhverfisáhrifum, „stunda rannsókn- og þróunarstarf“, „taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði landgræðslumála“ og „vinna önnur landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum“.

Segja má að ef frumvarpið nær fram að ganga sé verið að staðfesta þá skipan mála sem þegar er fyrir hendi hjá Landgræðslu ríkisins; að stofnunin sé allt í senn; framkvæmdastofnun, stjórnsýslustofnun og rannsóknastofnun. Benda verður á að slík skipan mála er ekki í anda ríkjandi hugmynda um stjórnunarlegan aðskilnað þessara málaflokka hjá stjórnvöldum. Skipan mála þar sem „allt er undir sama hatti“ getur boðið upp á margs konar hagsmunaárektra. Erfitt getur reynst fyrir stofnunina að gerast dómari í eigin sök, um leið og hún hefur vald til þess að dæma verk annarra. Hliðstæðu við skipulag Landgræðslunnar í frumvarpi þessu er að finna í raforkulögunum sem hér voru í gildi á árunum 1946-65. Á þessu árabili heyrði undir embætti „raforkumálastjóra“ öll mál sem snertu öflun, nýtingu og flutning raforku, ásamt stjórnsýslu og rannsóknum tengdum raforku. Í dag er þessum málaflokki skipt milli eftirfarandi stofnana og ríkisfyrirtækja: Rafmagnsveitna ríkisins, Landsvirkjunar og Orkustofnunar.

Það er skoðun stjórnar Skjólskóga á Vestfjörðum, að stjórnun landgræðsluframkvæmda á einkajörðum eigi best heima í héruðum, og þá þannig að hún sé stjórnunarlega aðskilin frá eftirlits-, stjórnsýslu- og rannsóknahlutverki ríkisins. „Landgræðsla“, í merkingunni uppgræðsla ógróins eða vangróins lands, tímabundin friðun fyrir búfjárbætur og styrking gróðurlendis með áburðargjöf, getur auðveldlega átt samleið með skógrækt alls staðar á láglendi Íslands. Þegar eru fyrir hendi landshlutabundin skógræktarverkefni sem ná til allra landshluta og þau starfa samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni (nr. 56/1999). Hlutverki landshlutaverkefna í skógrækt má auðveldlega breyta með lögum þannig að það nái einnig til annarra landbótaáðgerða en aðeins þeirra sem felast í ræktun skóga. Verkefnin gætu þannig hæglega annast um þær framkvæmdir sem nú eru unnar á vegum Landgræðslu ríkisins eða í samvinnu Landgræðslu ríkisins við bændur (þ.e. verkefnið „Bændur græða landið“).

Að lokum vill stjórn Skjólskóga á Vestfjörðum benda á það sem við teljum vera meginágalla frumvarpsins eins og það liggur nú fyrir. Hann er sá að hvergi er leitast við að samræma skógræktar- og landgræðslustarf innan þessara lagasetningar. Við teljum að beita megi skógrækt sem landgræðsluáðgerð í stóruáttum mæli og í mun ríkari mæli en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Reynsla skógræktarfólks um allt land af „landgræðsluskógrækt“ sýnir svo ekki verður um villst að hægt er að koma upp sjálfbærum og þróttmiklum skógum þar sem áður voru sandar, melar og aðrar auðnir. Því teljum við teljum að hugtakið „Landgræðsla“ eigi auðveldlega að geta rúmað skógrækt, og ekki aðeins nýtingu og uppgræðslu lands til úthagabeitar. Í raun teljum við að frumvarpið boði afturför í þessum efnum miðað við fyrri landgræðslulög (nr. 17/1965). Í 6. gr. þeirra laga stendur: „*Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga.*“ Í nýju frumvarpi til landgræðslulaga er ekki vikið einu orði að skógi eða markmiðum um að

Skjólskógar á Vestfjörðum

- rækta skóg á landgræðslusvæðum, þótt allir hljóti að vera sammála um að „land vaxið skógi eyðist ekki“. Að okkar áliti ber að móta þá stefnu í lögum um landgræðslu, að landgræðslustarfi hafi, að öðru jöfnu, ekki verið lokið fyrir en upp er vaxinn skógur á fyrrum landgræðslusvæði.

f.h. stjórnar Skjólskóga á Vestfjörðum,

Sæmundur Þorvaldsson,
framkvæmdastjóri

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. P 127/1741

komudagur 9.4. 2002



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Einars Faresveit
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 4. apríl 2002

Með vísun til beiðni yðar um umsögn um eftirfarandi:

555. mál, landgræðsluáætlun 2003-2014.

584. mál, landgræðsla (heildarlög).

593. mál, afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Þá vill undirritaður fyrir hönd Landgræðslu ríkisins leggja áherslu á að stofnunin er samþykk ofangreindum tillögu til þingsályktunar og frumvörpum. Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

Nefndasvið Alþingis
b.t. landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 08.04.2002

Varðar: **Umsögn LV um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál.**

Með bréfi nefndarinnar frá 18. 03.2002 var Landsvirkjun send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003 - 2014, 555. mál. Svör fyrirtækisins fara hér á eftir.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar en vísar til umsagnar fyrirtækisins um frumvarp til landgræðslulaga sem send var landbúnaðarnefnd í dag.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
fórstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/156/
komudagur 2. 4. 2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Einar Farestveit
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. mars 2002
2002030030/016-1
JGO/hj

Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014

Vitnað er til bréfs landbúnaðarnefndar dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir álitum á tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur enga afstöðu til þess hversu miklu fjármagni skuli veitt til landgræðslu á næstu 12 árum. Stofnunin hefur ekki forsendur til að meta fjármagnspörfina þar sem einstökum verkefnum er ekki lýst í greinargerð með tillögunni. Hér á eftir verður því ekki fjallað um kostnað áætlunarinnar, en nokkrar athugasemdir gerðar við greinargerðina sem fylgir tillögunni. Helstu athugasemdir stofnunarinnar eru eftirfarandi:

1. Í kafla 1.3 Alþjóðlegir sáttmálar. í Inngangi (bls. 4) vantar að mati Náttúrufræðistofnunar vísun til Bernarsamningsins um vernd villtrar náttúru í Evrópu og Ramsarsamningsins um vernd votlendis. Við landgræðsluáætlun þarf að taka tillit til beggja þessara samninga.

2. Í kafla 1.4 Markmið. í Inngangi (bls 4) ætti að bæta við því mikilvæga markmiði "að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni". Með því fær landgræðslustarfið víðtækari skírskotun en áður og tekur mið af alþjóðlegum skyldum íslenska ríkisins á þessu sviði (skv. t.d. Ríósamningnum um líffræðilega fjölbreytni).

Vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að binda kolefni í gróðri ætti að hafa í huga að í vistfræðilegu samhengi er mikilvægara að beina sjónum að köfnunarefni (N).

Í þessum kafla er áhersla lögð á 5 atriði sem nauðsynlegt er að ræða til að ná settum markmiðum. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að 6. atriðið, samvinna stofnana, er ekki síður mikilvæg fyrir góðan árangur og ætti að vera með í þessari upptalningu. Benda má á því til stuðnings lið 1.8 (bls. 7) og lið 1.2. d (bls. 9), enda hlýtur árangursríkt landgræðslustarf að byggja á víðferðum þekkingargrunni og taka mið af margvíslegum sjónarmiðum.




3. Í kafla 1.5. Áherslur til 2014. í Inngangi (bls. 5) kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir uppgræðslu á hálendi nema þar sem jarðvegsrof ógnar mannvirkjum eða náttúruminum. Einnig er sagt að til ársins 2006 verði einkum unnið á láglandi við stöðvun hraðfara jarðvegeyðingar. Náttúrufræðistofnun telur að leggja ætti meiri áherslu á að stöðva jarðvegsrof á hálendi í stað þess að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir við að græða upp mela á láglandi.

4. Í kafla 1.2 Stöðverkefni. í kafla 1. Almennur rekstur (II. verkefni og aðgerðir til 2006), lið c á bls. 8, er sagt að eitt helsta verkefnið sé að " Byggja upp gagnagrunn um vistkerfi, ástand lands og landgræðslustarfið í samstarfi við aðrar stofnanir landbúnaðarins". Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að þetta samstarf nái útfyrir veggj landbúnaðarins. Hafa ber t.d. í huga að mikilvæg gögn og gagnasöfn er varða landgræðslu er að finna á öðrum stofnunum svo sem gróðurkort, upplýsingar um dýr og plöntur, vistgerðir og vistkerfi.

5. Í kafla 2. Uppgræðsluverkefni. (bls. 9) ætti að leggja áherslu á að stöðva jarðvegsrof á hálendi, eins og áður er vikið að (sjá lið 3 hér að framan).

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri

Afrit sent Umhverfisstofnun Alþingis



Alþingi
Erindi nr. P 127/1852
komudagur 11.4.2002



Alþingi
Landbúnaðarnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

10. apríl 2002
004. TB

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014

Vísað er í bréf frá landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 18. mars sl. þar sem óskað er eftir um sögn Náttúruverndar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Náttúruvernd ríkisins telur mjög brýnt að gerð sé landgræðsluáætlun til margra ára enda hefur og er gróðureyðing eitt af stærri vandamálum í náttúruvernd. Áætlanir af þessu tagi auðvelda alla samhæfingu ólíkra þátta í náttúruverndar- og umhverfismálum s.s. mismunandi verndarsjónarmiða, upplýsingastreymi um væntanlegar aðgerðir og almenna skipulagningu. Náttúruvernd ríkisins telur landgræðsluáætlunina merkilegt skref þar sem gert er ráð fyrir að endurheimt landgæða og vistkerfa byggist m.a. á sjálfbærri nýtingu og að vinna við endurheimt verði í anda samningsins um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. En í kafla 1.8 er fjallað um samstarf við stofnanir umhverfisráðuneytisins.


Árnir Bragason
forstjóri

Virðingarfyllst,


Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Náttúruvernd ríkisins

Alþingi
Erindi nr. P 127/1738
komudagur 9.4.2002

Borgarráð
Hjörleifur Kvaran
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 8. apríl 2002
R02030117
175

Varðar: Umsögn um frumvörp til laga um landræðslu og afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014

Vísað er til bréfs borgarlögmanns, dagsett 19. mars 2002, þar sem þess er óskað að Umhverfis- og heilbrigðisstofa veiti umsögn um ofangreind lagafrumvörp og þingsályktunartillögu.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa hefur yfirfarið frumvörpin og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þeirra:

1. Frumvarp til laga um landgræðslu.

Um er að ræða heildarlöggjöf á sviði landgræðslu sem er ætlað er að leysa af hólmi núverandi landgræðslulög sem eru að stofni til frá árinu 1965. Frumvarpið byggir verulega á eldri lögum en í því er þó að finna ýmis nýmæli. Til að mynda er því ætlað að kveða skýrar á um verkaskiptingu og ábyrgð á sviði landgræðslu. Frumvarpinu er ætlað að leiða til sterkari stefnumótunar í landgræðslu og kveður á um úrræðaferli sem á að stuðla betur að sjálfbærri landnýtingu en núverandi lög gera, í anda nútíma umhverfisfræða.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa gerir ekki ráð fyrir að landgræðsla, eins og hún er skilgreind í frumvarpi þessu, muni eiga sér staða í landi Reykjavíkur í náninni framtíð og því muni lítið reyna á frumvarp þetta, verði það á lögum, hvað Reykjavík varðar.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta en vill geta þess, til upplýsingar, að kostnaður af framkvæmd frumvarpsins, verði það að lögum, skal borinn af ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, sbr. 32. gr. frv. Ráðist sveitarfélög í landgræðsluverkefni er falla ekki undir landgræðsluáætlun, sem Landgræðslunni er ætlað að gera til tólf ára í senn fyrir landið í heild sbr. 1. mgr. 6. gr. frv., greiðist kostnaður fyrir slík verkefni af sveitarfélögum nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. 5. mgr. 5. gr. frv.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986 , um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, til samræmis við ofangreint frumvarp til laga um landgræðslu

Umhverfis- og heilbrigðisstofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

3. Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Þingsályktunartillaga þessi felur í sér ályktun Alþingis um hversu miklu fjármagni skuli varið til landgræðslu á tímabilinu 2003-2014, og hvernig skuli forgangsraða því fjármagni.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa en vill benda á að þingsályktunartillagan byggir á framkvæmd landgræðslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og vargnir gegn ágangi vatna. Verði frumvarp til laga um landgræðslu, sbr. hér að ofan, að lögum, þyrfti að endurskoða þingsályktunartillögu þessa í samræmi við það.

Virðingarfyllt,

Ellý K. J. Guðmundsdóttir
forstöðumaður



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 127/1824

komudagur 11.4. 2002

Selfossi, 11. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

‘A fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var í gær 10. apríl, var tekið fyrir erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar um eftirfarandi þingmál:

Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003 – 2014, 555. mál.

Frumvarp til laga um landgræðslu, 584. mál.

Frumvarp til laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 593. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

„Stjórnin mælir með samþykkt ofangreindra þingmála en leggur áherslu að hagur þeirra sauðfjárbænda sem treysta mjög á nýtingu afréttarins verði tryggður. Jafnframt er bent á að skilgreina þurfi betur með hvaða hætti nýting afréttarins verði ákveðin.”

Þessari umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/2136
komudagur 2.5.2002

Á fundi stjórnar SSNV í gær, 1. maí, voru eftirfarandi þingmál sem send haf verið samtökunum til umsagnar afgreidd með svohljóðandi bókun:

1. Erindi frá Alþingi.

1.1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992, með síðari breytingum. Mál 520. Stjórn SSNV telur frumvarpið vera í aðalatriðum til bóta frá gildandi lögum, en telur ákvæði í 3. gr. um fjárskuldbindingar sveitarfélaga óþarft. Stjórnin telur óæskilegt að blanda verkefnum saman milli ríkis og sveitarfélaga. Það kallar á togstreitu milli aðila um fjármagn og verkefni. Eðlilegra væri að náttúrustofur væru alfarið á ábyrgð og kostnað ríkisins. Einnig kæmi til greina að flytja verkefnið náttúruvernd og náttúrufræðistofnun til sveitarfélaga að því tilskyldu að eðlilegir tekjustofnar fylgdu með verkefninu.

1.2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um afréttarmálefni, fjallskil ofl. Mál 583. Frestað.

1.3. Frumvarp til laga um landgræðslu. Mál 584. Frestað.

X 1.4. Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014. Mál 585. Frestað.

1.5. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Mál 616. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

1.6. Frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Mál 640. Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemd við 12. grein frumvarpsins: Í fyrri setningu 12. greinarinnar breytist orðin ...fimm ár ... í ...tjú ár... Seinni setning 12. greinarinnar falli niður.

1.7. Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn. Mál 679. Stjórn SSNV gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Þetta tilkynnist hár með.

Bjarni Þór Einarsson, framkvæmdastjóri SSNV.

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/1956
komudagur 16.4.2002



2002030037

9140

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Einar Farestveit, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2002

/--

Efni: Landgræðsluáætlun 2003-2014. Umsögn Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 18. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014, 555. mál.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við landgræðsluáætlun en minnir á að skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. skulu landgræðsluáætlanir vera í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Skipulagsstofnun bendir einnig á að á vegum umhverfisráðuneytisins og stofnunarinnar er hafinn undirbúningur lagasetningar vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2001/42/EC um umhverfismat áætlana, sem þarf að hafa öðlast gildi hérlandis þann 20. júlí 2004.

Undir tilskipunina falla áætlanir sem skapa forsendur leyfisveitinga fyrir framkvæmdum sem matsskyldar eru skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum en samkvæmt e-lið 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er uppgæðsla lands á verndarsvæðum tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu.

Elín Smáradóttir

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis [landbunadarnefnd@althingi.is] og nefndasviði Alþingis [nefndasvid@althingi.is] þ. 8/4 2002.
b.t. nefndarritara, Einars Farestveit (einarfar@althingi.is).

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun
2003-2014 (Þskj. 873 – 555. mál).**

Frá: Skjólsgógum á Vestfjörðum

Það er skoðun stjórnar Skjólsgóga á Vestfjörðum, að stjórnun landgræðsluframkvæmda á einkajörðum eigi best heima í héruðum, og þá þannig að hún sé stjórnunarlega aðskilin frá eftirlits-, stjórnsýslu- og rannsóknahlutverki ríkisins. „Landgræðsla“, í merkingunni uppgræðsla ógróins eða vangróins lands, tímabundin friðun fyrir búfjárbætur og styrking gróðurlendis með áburðargjöf, getur auðveldlega átt samleið með skógrækt alls staðar á láglendi Íslands. Þegar eru fyrir hendi landshlutabundin skógræktarverkefni sem ná til allra landshluta og starfa samkvæmt lögum nr. 56/1999.

Hlutverki landshlutaverkefna í skógrækt má auðveldlega breyta með lögum þannig að það nái einnig til annarra landbótaaðgerða en aðeins þeirra sem felast í ræktun skóga, svo sem þeirra aðgerða sem lýst er í landgræðsluáætlun 2002-2013. Verkefni gætu þannig annast um þær framkvæmdir sem nú eru unnar á vegum Landgræðslu ríkisins eða í samvinnu Landgræðslu ríkisins við bændur (t.d. verkefnið „Bændur græða landið“).

Stjórn Skjólsgóga á Vestfjörðum vill benda á það sem við teljum vera meginágalla þingsályktunartillögunnar eins og hún liggur nú fyrir. Hann er sá að hvergi er leitast við að samræma skógræktar- og landgræðslustarf við gerð landgræðsluáætlunar. Við teljum að beita megi skógrækt sem landgræðsluáætlun í stórauknum mæli og í mun ríkari mæli en gert er ráð fyrir í tillögu að landgræðsluáætlun. Reynsla skógræktarfólks um allt land af „landgræðsluskógrækt“ sýnir svo ekki verður um villst að hægt er að koma upp sjálfbærum og þróttmiklum skógum þar sem áður voru sandar, melar og aðrar auðnir. Því teljum við að hugtakið „Landgræðsla“ eigi auðveldlega að geta rúmað skógrækt, en ekki aðeins nýtingu og uppgræðslu lands til úthagabeitar.

Í landgræðsluáætlun 2002-2013 er vart víkið einu orði að skógi eða markmiðum um að rækta skóg á landgræðslusvæðum, þótt allir hljóti að vera sammála um að „land vaxið skógi eyðist ekki“. Að okkar mati ber að móta þá stefnu í lögum um landgræðslu, að landgræðslustarfi hafi, að öðru jöfnu, ekki verið lokið fyrr en upp er vaxinn skógur á fyrrum landgræðslusvæði.

f.h. stjórnar Skjólsgóga á Vestfjörðum,



Sæmundur Þorvaldsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1736
komudagur 9.4.2002



SKÓGRÆKT
RIKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 8. apríl 2002

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.

Landgræðsluáætlun felur í sér verulega aukningu á framlögum til Landgræðslu ríkisins miðað við núverandi fjárlög og áframhaldandi árlega aukningu út tímabilið sem áætlunin nær til. Ekki er dregið í efa að aukning á framlögum nýtist vel til landgræðslustarfsins, enda nánast óendanlegt verk að vinna í þeim efnum. Hins vegar er þess hvergi getið hvaðan þessir peningar eiga að koma nema að þeir eiga að verða til við fjárlagagerð. Þetta er áhyggjuefni fyrir Skógrækt ríkisins og aðrar stofnanir innan landbúnaðargeirans. Ef ekki er skýrt tekið fram að þessi aukning til Landgræðslu ríkisins komi til við stækkun á fjárlagaramma landbúnaðarráðuneytisins þá þarf annað hvort að lækka framlög til annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins til að mæta landgræðsluáætlun eða landgræðsluáætlun verður marklaust plagg. Hvorugt er viðunandi.

Annað sem vantar í landgræðsluáætlun er mælanleg markmiðssetning. Í athugasemdum kemur fram allitarleg lýsing á núverandi verkefnum Landgræðslunnar ásamt óskalista um ný verkefni. Hins vegar koma hvergi fram töluleg viðmið, t.d. um hverju landgræðslustarfið skilar núna samanborið við áætlaðan árangur miðað við hækkunar á fjárframlögum. Dæmi um slíkar tölur eru; hektarar lands þar sem gilda landgræðslumarkmið, hektarar sáninga á ári, vinnustundir í rannsóknum, útgefnar skýrslur, fræuppskera o.m.fl. Beiðni um aukin fjárframlög fylgir sem sagt ekki loforð um aukinn árangur í landgræðslustarfinu sem hægt væri að mæla.

Þá verður að leiðrétta ákveðna sögufölsun sem kemur fram á bls. 3 í grein 1.1, en þar er þessi setning: "Landgræðslan var stofnuð árið 1907 og hét þá Sandgræðsla Íslands." Sú stofnun sem var stofnuð 1907 hét og heitir enn Skógrækt ríkisins. Sandgræðslumaður var frá upphafi starfsmaður Skógræktar ríkisins og má því réttilega segja að Landgræðslan eigi rætur sínar að rekja allt aftur til 1907. Hins vegar varð Sandgræðsla Íslands ekki til fyrr en 1914 þegar sandgræðslumaður var færður frá Skógrækt ríkisins og settur undir Búnaðarfélag Íslands.

f.h. Skógræktar ríkisins


Þröstur Eysteinnsson
fagmálastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/1742
komudagur 9.4.2002

**Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur
um frumvarp til laga um landgræðslu (Þskj. 913 – 584. mál)
og
tillögu til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014 (Þskj. 873 – 555. mál).**

Á síðasta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands var eftirfarandi tillaga frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur lögð fram, hún samþykkt og send landbúnaðarráðherra:

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík 24.-26. ágúst 2001, beinir þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hraðað verði heildstæðri stefnumótun og lagasetningu um skógrækt og landgræðslu. Við mótun stefnu, setningu laga og gerð langtíma skógræktar- og landgræðsluáætlana, verði þessi starfsemi samræmd eins og kostur er. Varanleg landgræðsluáðgerð felst í nýræktun skóga á örfoka eða viðkvæmu landi og mesta binding kolefnis á sér stað, þar sem kolefnissnauðri auðn er breytt í skóg. Stærsta sameiginlega verkefni skógræktar og landgræðslu á nýrri öld hlýtur því að vera það að beita skógrækt í stórauknum mæli sem landgræðsluáðgerð.“

Við teljum það helsta ágalla á þeim tveimur frumvörpum um landgræðslu sem nú bíða afgreiðslu Alþingis, að hugtakið „landgræðsla“ er notað í afar þröngri merkingu; einkorðast notkun hugtaksins við meðferð, nýtingu og uppgræðslu lands til beitarbúskapar. Ekki er að sjá þess stað í frumvörpunum, að skógrækt (s.s. „landgræðsluskógrækt“ eða „landbótaskógrækt“) teljist raunhæfur eða áhugaverður valkostur við hinar hefðbundnu aðferðir Landgræðslu ríkisins. Reyndar fer svo litið fyrir umfjöllun um skógrækt í frumvörpunum að undrun sætir.

Fimmtíu ára reynsla og góður árangur Skógræktarfélags Reykjavíkur af landgræðslu og skógrækt í Heiðmörk, Öskjuhlíð, Elliðaárdal, Hólmsheiði og öðrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu hefur hins vegar fært okkur og þjóðinni allri heim sanninn um að vel er hægt að breyta niðurníddu landi, s.s. auðnum, melum og vangrónu landi, í sjálfbær og þróttmikil skógarvistkerfi. Þessir skógar eru auk annars orðnir að fjölsóttum útivistarsvæðum sem hafa mikið gildi fyrir vellíðan íbúanna á svæðinu. Í starfi

Skógræktarfélags Reykjavíkur hefur það verið leiðarljós að breyta skóglausu landi í skóg og efla landgræðslu. Stærsti hluti þess lands sem tekið hefur verið til skógræktar hefur í upphafi verið ógróið eða illa gróið land, þar sem gróður hefur staðið höllum fæti vegna aldalangrar ofbeitar.



Við viljum ítreka þau tilmæli sem fram koma í fyrrnefndri samþykkt frá aðalfundi Skógræktarfélag Íslands, að við mótun stefnu, setningu laga og gerð langtíma skógræktar- og landgræðsluáætlana sjái löggjafarvaldið til þess að skógrækt og landgræðsla verði samræmd eins og kostur er. Í 6. grein fyrri landgræðslulaga (nr. 17/1965) stendur: „*Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga.*“ Í nýju frumvarpi til landgræðslulaga er ekki vikið einu orði að skógi eða markmiðum um að rækta skóg á landgræðslusvæðum, þótt allir hljóti að vera sammála um að skógur sé besta vörn gegn landeyðingu; „land vaxið skógi eyðist ekki“. Stjórn Skógræktarfélag Reykjavíkur álitur að móta beri þá stefnu í lögum um landgræðslu og í þingsályktun um landgræðsluáætlun, að landgræðslustarfi teljist ekki lokið fyrr en land er fullgróið og sjálfbært og upp er vaxinn skógur þar sem skilyrði leyfa.

Við viljum vekja athygli hins háa Alþingis á því að elstu, fjölmennustu og öflugustu frjálsu félagasamtök landsins á sviði umhverfismála eru Skógræktarfélag Íslands. Innan vébanda Skógræktarfélag Íslands eru um 60 héraðsskógræktarfélög starfandi, með rúmlega 7000 félögum. Stærst þessara félaga er Skógræktarfélag Reykjavíkur, með um 1300 félagsmenn. Áhersla félaganna er jöfnum höndum á landgræðslu og skógrækt, enda hljóta skógræktarfélögin að teljast einu „landgræðslufélög“ sem nokkuð kveður að í dag. Í ljósi þess sætir nokkurri furðu, að hvorki Skógræktarfélagi Íslands né nokkru félagi innan vébanda þess hefur verið boðið að koma með umsögn um þau landgræðslufrumvörp sem nú eru til meðferðar á Alþingi Íslendinga.

f.h. stjórnar Skógræktarfélag Reykjavíkur

Vignir Sigurðsson,
framkvæmdastjóri
Mörkinni 6
104 Reykjavík

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis [landbunadarnefnd@althingi.is] og nefndasviði Alþingis [nefndasvid@althingi.is] þ. 8/4 2002.
b.t. nefndarritara, Einars Farestveit (ainarfar@althingi.is).



Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Einar Farestveit nefndaritari
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Hornafirði, 9. apríl 2002

Málefni: umsögn á tillögu til þingsályktunar og frumvörpum.

Á fundi bæjarráðs Hornafjarðar 3. apríl s.l. var ósk nefndarinnar um umsögn á tillögu til þingsályktunar og frumvörp:

555. mál, landgræðsluáætlun 2003-2014.

584. mál, landgræðsla heildarlög.

593. mál, afréttarmálefni.

Bæjarráð gerði ekki athugasemd við frumvöpin.

Eftirfarandi var hins vegar bókað:

"Bæjarráð Hornafjarðar bendir á þá miklu og brýnu þörf sem er fyrir hendi í fyrirhleðslumálum í Austur- Skaftafellssýslu. Sérstaklega má benda á Jökulsá í Lóni og umhverfi hennar. Bæjarráð hvetur til þess að aukið fjármagn verði veitt á Landgræðsluáætlun 2003 - 2014 til að hægt verði að bregðast við þessum vanda."

Þessu er hér með komið á framfæri.


Virðingarfyllst,

Ólafía I. Gísladóttir
Ólafía I. Gísladóttir,
ritari



Meðfylgjandi: Bréf Landgræðslu ríkisins um landbrot við Jökulsá í Lóni, dagsett 4. mars 2002, og greinargerð Þrúðmars Sigurðssonar landgræðsluvarðar um sama málefni, dags. 3. janúar 1995.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Bæjarstjórn Hornafjarðar
bæjarskrifstofu
Hornafjarðarbæjar
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer:	3/42	Mótt:	7/3
Skjalag:	460	Dags:	13/3 2002
Afgr:	B. 14/3 '02	1631	

Gunnarsholti, 4. mars 2002

Landbrot við Jökulsá í Lóni

Undirritaður fagnar því að fulltrúar í bæjarstjórn Hornafjarðar láta sig varða málefni landbrots út frá Jökulsá í Lóni.

Þarna er um að ræða stórt vandamál, sem við hjá Landgræðslu ríkisins höfum miklar áhyggjur af. Ekki vegna þess að lausn vandans sé tæknilega erfið heldur hitt að fjárveitingar til þess að takast á við þennan vanda eru afar takmarkaðar og allt bendir til þess að svo verði á næstu árum, verði ekki gripið til sérstakra ráðstafana.

Meðfylgjandi er greinargerð Þrúðmars Sigurðssonar landgræðsluvarðar sem þekkir afar vel til aðstæðna.

Undirritaður ásamt landgræðsluverði í Austur-Skaftafellssýslu hafa fundað með vegamálastjóra og sérfræðingi Vegagerðarinnar um hugsanlegar lausnir og eigum við von á ráðgjöf þaðan um aðgerðir. Ljóst er að næsti áfangi kostar ekki minna en 20 milljónir króna en árleg fjárveiting til fyrirhleðslna í Austur-Skaftafellssýslu er 1 milljón krónur auk fjárveitinga til Kotár og Hornafjarðarfljóta.


Á undanförmum vikum hefur verið unnið að því að loka skarði í varnargarði sem kom í garðinn sem aðskilur Jökulsá frá Laxá. Vegna mikillar frosthörku og erfiðs tíðarfars hefur gengið erfiðlega að ljúka því verki sem er að loka skarðinu og hækka umræddan varnargarð og var af þeim sökum gert hlé á verkinu. Áætlaður kostnaður er 2,5 milljónir króna.

Undirritaður væntir samstarfs við bæjarstjórn Hornafjarðar um öflun fjárveitinga til þessara brýnu verkefna og veitir fúslega frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

Afrit sent:
Þrúðmari Sigurðssyni landgræðsluverði.



**Greinargerð um Jökulsá í Lóni,
Austur-Skaftafellssýslu
3. janúar 1995**

Brú var byggð á Jökulsá í Lóni 1951 og 1952, hún var staðsett austast í farveginum við klappir í landi jarðarinnar Brekku. Á sama tíma var byggður varnargarður frá brúnni til vesturs og frá Dímu í Dalsfjalli.

Við þessar framkvæmdir var öllu vatni Jökulsár veitt áfram út með austurlandinu, og í framhaldi af því voru byggðir varnargarðar austan ár til varnar Austur-Lóni en áður um aldir hafði áin flætt um flatlendið á milli Brekku og Dals, sitt á hvað eftir því sem hún bar undir sig.

Lengst af síðan brúin kom, hefur Jökulsá runnið út með Austurlandinu og ekki ógnað Suður-Lóni nema í mestu vatnavöxtum svo sem 1980 þegar sauðfé frá Volaseli druknaði í miklum vatnavöxtum.

Á síðari árum hefur áin verið að breyta rennsli sínu meira til vesturs og í þremur stórvöxtum haust og vetur (2. ág., 28. ág. og 2. des.) 1994 varð mjög afgerandi breyting á rennsli árinna, þannig að síðan fer allt vatn hennar til vesturs skammt utan við brúna og fellur síðan þvert á og ótraustan varnargarð við svonefndan Efralandshólma, en það er eini garðurinn vestan árinna.

Í vatnavöxtum á undanförunum árum vætlaði vatn yfir þennan garð á nokkrum stöðum og rann töluvert úr honum án þess að skarð kæmi í gegnum hann. Á sama tíma flæddi áin yfir c.a. 500 m breiða spildu af Efralandi og þaðan yfir í farveg Laxár. Þarna er um að ræða stór og vel gróin engjalönd og tún, jarðvegur er leirborinn, ýmist mýrlendi eða nokkuð harðir vallendisbakkar, sem áin er fljót að grafa í sundur ef hún rynni þar til lengdar.

Fari Jökulsá þessa leið vestur um Suður-Lón, veldur hún miklum skemmdum á því svæði og stórspillir búskaparaðstöðu þar. Sem dæmi má nefna að í stórvextinum 2. des. 1994 og aftur haustið 2001 flæddi hún yfir helming af túnum í Volaseli og spillti þeim og skemmdi girðingar.

Einnig er rétt að benda á, að fari hún áfram vestur með landinu og út um Papós með afleiðingum sem heimamenn þekkja, það er að Bæjarós "stendur uppi" (lokast) og vatnsborð í lóninu hækkar verulega til stórskaða í Austur-Lóni, og gæti meðal annars náð að flæða yfir þjóðveg númer 1 hjá Hvalnesi.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1812
komudagur 10.4.2002

Umsögn umhverfisnefndar
um:

555. mál, landgræðsluáætlun 2003-2014
593. mál, afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um málin í samræmi við bréf landbúnaðarnefndar frá 18. f.m. og fengið á sinn fund Svein Runólfsson og Ketil Sigurjónsson frá Landgræðslu ríkisins, Jón Gunnar Ottósson, Borgþór Magnússon og Sigurð Magnússon frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Þóru Ellen Þórhallsdóttur frá líffræðistofnun Háskóla Íslands, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Þorstein Tómasson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Ólaf Arnalds.

555. mál, landgræðsluáætlun 2003-2014.

Nefndin styður heilshugar markmið áætlunarinnar um sjálfbærni landnýtingar og um aukna landgræðslu samfara öflugri vinnu við gróður- og jarðvegsvernd sem mun skapa atvinnutækifæri og bæta landkosti víða um land. Þá telur nefndin brýnt að landgræðsluáðgerðir falli að gildandi stefnu í skipulagsmálum og náttúruvernd jafnframt því að staðið verði við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi.

593. mál, afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Nefndin er samþykkt frumvarpinu. Rétt þykir að fella niður ákvæði um ítölu þar sem framkvæmd hennar hefur reynst erfið og telur nefndin að sérstakur ferill úrbótaáætlana sem koma á í hennar stað, sbr. fyrirbyggjandi frumvarp um landgræðslu, sé betur til þess fallinn að færa þau mál í rétt horf.

Alþingi, 10. apríl 2002.

Magnús Stefánsson, form.
Kristján Pálsson.
Þórunn Sveinbjarnardóttir.
Katrín Fjeldsted.
Jóhann Ársælsson
Gunnar Birgisson
Kolbrún Halldórsdóttir.
Ásta Möller.

UMHVERFISNEFND